

13. 08 2019. Húsnefnd Végarðs, kl. 11:00 , í Végarði

Mætt: Hörður húsvörður, Anna Jóna, Gunnar og Gunnþórunn.

Réttarball verður haldið 14. september. Hjómsveit: Helgi Björnsson og Reiðmenn vindanna. Húsnefnd annast undirbúning. Rætt um að æskilegt væri að selja miða í forsölu til að minnka álag í miðasölu. Gunnþórunn sækir um í nafni húsnefndar um leyfi fyrir dansleik með vínveitingaleyfi. Mestur hluti auglýsinga fer inn í Ormsteitisauglýsingar og reynt verður að halda öðrum kostnaði við dansleikjahaldið í lámarki.

Parket hefur verið lagt á sali og endurnýjaðar tröppur upp á svið.

Samþykkt að kaupa tappa í stólfætur í alla eldri stóla, og kaupa veltitappa þótt þeir séu u.þ.b. helmingi dýrari en einfaldir.

Gunnþórunn sagði frá því að Orkusjóður væri að auglýsa styrk til að koma upp rafhleðslustöðvum. Samþykkt að sótt verði um styrk til að koma upp rafhleðslustöð á lóð Végarðs.

Húsnefnd er sammála um að frá og með næstu áramótum verði ræstigjald innifalið í leigugjaldi og gjaldskrá taki mið af því.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:15 . Gunnþórunn ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Hörður Guðmundsson (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)